

Flutt .... 138976,94 **56**  
7. maí

**9. gr.**

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

|  |               |
|--|---------------|
| 1. Heiðurslaun til O. Forberg landssímastjóra .....                                | 10000,00      |
| 2. Til aðgerðar konungshúsinu á Þingvöllum .....                                   | 157,01        |
| 3. Til ríkisgjaldanefndarinnar .....   | 5000,00       |
| 4. Til húsameistara, húsaleigu- og ferðakostnaðar m. m. síð-<br>astliðið ár .....  | 678,28        |
| 5. Til ferðakostnaðar út af ágreiningi við dýpkun Akureyrar-<br>hafnar o. fl. .... | 1645,75       |
|  | 17481,04      |
|  | Kr. 156457,98 |

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Magnús J. Kristjánsson.*

**L Ö G**

um

**atvinnuleysiskýrslur.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-  
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,  
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-  
fest þau með samþykki Voru:

**1. gr.**

Bæjarstjórnnum skal skylt að safna skýrslum 1. febrúar, 1. maí,  
1. ágúst og 1. nóvember ár hvert um atvinnu og atvinnuleysi allra  
sjómanna, verkamanna, verkakvenna og iðnaðarmanna og kvenna  
í kaupstaðnum. Ágrip af skýrslunum skal þegar í stað sent Hagstofu Ís-  
lands, er birtir yfirlit yfir þær.

57

7 maí

2. gr.

Þar sem verkalýðsfjelög eru á staðnum, skulu bæjarstjórnir leita samninga við þau um að taka að sjer söfnun skýrslanna.

3. gr.

Kostnaður við skýrslusöfnun greiðist að þriðjungi úr ríkissjóði og tveimur þriðjungum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Tryggvi Þórhallsson.*

58

7. maí

## L Ö G

um

**atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta eigi sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við